



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umræðuskjal

nr. 15/2017

Drög að reglum um tæknilega staðla vegna innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 25. ágúst 2017 nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.  
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

10. júlí 2017

REGLUR  
um tæknilega staðla vegna innri aðferða  
við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja.

1. gr.  
*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem hafa þegar fengið heimild Fjármálaeftirlitsins til að beita innri aðferðum við útreikning á eiginfjárkröfum, á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 eða reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr.  
*Innri aðferðir fjármálafyrirtækja.*

Fjármálafyrirtæki sem fá heimild Fjármálaeftirlitsins til að reikna eiginfjárkröfur á grundvelli innri aðferða skulu taka tillit til reglugerðar (ESB) nr. 529/2014 frá 12. mars 2014, með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til að beita innramatsaðferð við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu er heimilt að taka tillit til reglugerðar Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1556 frá 11. júní 2015, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr.  
*Birting tæknilegra staðla.*

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 529/2014 frá 12. mars 2014 til viðbótar við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi mat á hvort breytingar og viðbætur á innramatsaðferð (IRB) og þróaðri mæliaðferð (AMA) teljast verulegar.
2. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/942 frá 4. mars 2015 til viðbótar við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 529/2014, að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla varðandi mat á hvort breytingar og viðbætur vegna innri aðferða við útreikninga á eiginfjárkröfum vegna markaðsáhættu teljast verulegar.
3. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1556 frá 11. júní 2015 til viðbótar við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tímabundna meðhöndlun áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa innan innramatsaðferðar.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 529/2014 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/942 og 2015/1556 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

1. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1468926741009&uri=CELEX:32014R0529>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 148, þann 20. maí 2014, bls. 36-49;
2. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex:32015R0942>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 154, þann 19. júní 2015, bls. 1-7; og

3. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1468927332424&uri=CELEX:32015R1556>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 244, þann 19. september 2015, bls. 9-10.

4. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimildum í b- og d- lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 30. september 2017.*